

# Lög Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum.

## 1. gr.

Nafn félagsins er “Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum” og skal skammstöfun þess vera FLH. Aðsetur þess og varnarþing er á Austurlandi.

## 2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera, að stuðla að eftirfarandi :

Að leiðsögn með hreindýraveiðum verði faglegt og sérhæft starf.

Að hreindýraveiðar á Íslandi verði stundaðar af fagmennsku og virðingu fyrir bráðinni og umhverfinu.

Að þjónusta leiðsögumanna við hreindýraveiðar verði eftirsótt og arðsöm atvinnugrein.

Að vera málsvari félagsmanna útávið og gagnvart stjórnvöldum.

Að aðstoða stjórnvöld við mótun og stefnumörkun í þeim málum sem varða hreindýraveiðar.

## 3. gr.

Félagið setur félagsmönnum skyldur samkvæmt landslögum og reglum um hreindýraveiðar eins og þær eru á hverjum tíma.

## 4. gr.

Leiðsögumenn með hreindýraveiðum skulu starfa eftir lögum og siðareglum félagsins eins og þau eru hverju sinni, þar sem virðing fyrir náttúru og bráð er í fyrirrúmi.

## 5. gr.

Félagar geta þeir einir orðið sem réttindi og starfsleyfi hafa, sem leiðsögumenn með hreindýraveiðum.

## 6. gr.

Félagsmenn skulu greiða árgjald til félagsins og skal sú upphæð ákveðin á aðalfundi.

Gjalddagi árgjalds er 1. janúar og greiðist þá árgjald fyrir það ár. Eindagi er 1. febrúar.

Hafi félagsmaður ekki greitt árgjald sitt fyrir aðalfund, missir hann atkvæðisrétt og kjörgengi á þeim fundi ásamt öðrum félagsréttindum.

Skuldi félagsmaður árgjald, skal stjórnin tilkynna honum, er þrjú mánuðir er liðnir frá gjalddaga síðasta árgjalds, að hann falli af félagaskrá, standi hann ekki skil á gjöldum sínum innan eins mánaðar.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og miðast við áramót.

### **7. gr.**

Stjórn félagsins er heimilt að víkja mönnum úr félaginu eftir ítrekuð brot á lögum og siðareglum sem greind eru í 3. og 4. gr. Áður skal þess gætt að virtur sé andmælaréttur viðkomandi.

Brottrekinn félagsmaður getur áfrýjað slíkri ákvörðun til aðalfundar.

## **II. HLUTI**

Aðalfundur  
Félagsfundir

### **8. gr.**

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Aðalfundur skal halda í febrúar ár hvert.

Aðalfundur skal boða með a.m.k. 10 daga fyrirvara, bréflaga, með tölvupósti eða með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði.

(Samkvæmt tillögu sem samþykkt var samhljóða á aðalfundi FLH 2010 var fyrirvara á fundarboði aðalfundar breytt úr a.m.k. 4 vikum í a.m.k. 10 daga.)

Á aðalfundi ræður afl atkvæða.

### **9. gr.**

Á aðalfundi skal stjórn félagsins gefa skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu starfsári og skulu reikningar félagsins hafa legið frammi, áritaðir af skoðunarmönnum og aðgengilegir félagsmönnum til athugunar á þeim stað sem stjórnin ákveður í tvær vikur fyrir aðalfund.

Bókhald og reikningar félagsins skulu skoðaðir af löggiltum endurskoðanda áður en stjórn leggur þá fyrir skoðunarmenn sem kjörnir eru á aðalfundi.

### **10. gr.**

Þessi eru störf aðalfundar:

1. Setning fundar.
2. Kosning fundarstjóra.
3. Kosning fundarritara.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Starfsnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar sbr. 12. gr.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara.
10. Ákvörðun árgjalds.
11. Önnur mál.
12. Fundargerð lesin og borin undir atkvæði.
13. Fundarslit.

### **11. gr.**

Til almennra félagsfunda skal boðað þegar sérstök þörf þykir að dómi meirihluta stjórnar eða helmingur félagsmanna óska þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Stjórn skal halda félagsfund ekki síðar en 15. dögum frá því að henni barst um það beiðni skv. 2. mgr. 12. gr.

Almennan félagsfund skal boða með a.m.k. viku fyrirvara.

Fundir teljast löglegir ef til þeirra er boðað með löglegum hætti.

### **III. HLUTI**

Stjórn  
Starfsnefndir

#### **12. gr.**

Stjórn félagsins skipa fimm menn sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn; formaður og varaformaður kosnir sérstaklega til þeirra embætta. Auk þeirra þrír meðstjórnendur.

Í varastjórn skal kjósa tvo menn.

Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti en fram kemur í 1. málsgrein 12. greinar.

Verksvið stjórnarmanna skulu m.a. vera eftirfarandi:

Formaður: Er ábyrgur fyrir daglegum rekstri félagsins.

Staðgengill hans er varaformaður. Formaður boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Hann einn fer með prókúru félagsins.

Gjaldkeri : Er ábyrgur fyrir að regla sé á bókhaldi félagsins.

Staðgengill hans er annar meðstjórnenda samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Ritari : Er ábyrgur fyrir að efni funda sem haldnir eru á vegum félagsins sé skilmerkilega skráð í fundargerðaform, þannig að til verði heimild um sögu og ákvarðanir félagsins.

Staðgengill hans er annar meðstjórnenda samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Hver maður í stjórn og varastjórn skal kosinn til tveggja ára. Formaður, ritari og meðstjórnandi auk annars varamanns annað árið, en gjaldkeri, varaformaður og einn varamaður hitt árið.

Stjórnin hefur á hendi allan rekstur félagsins á milli aðalfunda.

Á stjórnarfundum gildir vægi atkvæða. Falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði formanns.

Til þess að stjórnarfundur sé löglegur, þarf meirihluti stjórnar að vera á fundi.

### **13. gr.**

Ekki síðar en fjórum vikum eftir aðalfund skal stjórn hafa sent út til félagsmanna fundargerð aðalfundar auk áætlunar um starfsemi félagsins fyrir komandi starfsár og hafa lokið skipan mála í nefndir og til annarra þeirra verkefna sem henni eru falin á aðalfundi. Í áætlun skal koma fram stefna og markmið stjórnar ásamt rekstraráætlun til næsta aðalfundar.

### **14. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

### **15. gr.**

Innan félagsins skulu vera eftirtaldar starfsnefndir sem stjórn skipar til eins árs og skulu í hverri sitja a.m.k. þrjú menn. Verkefni þeirra eru eftirtalin :

a) Siðanefnd; semji og endurskoði siðareglur félagsins og fjalli ásamt stjórn, um brot á þeim.

b) Fræðslunefnd; semji og taki þátt í mótun námsefnis og leiðbeininga fyrir núverandi og væntanlega félagsmenn. Sjái um og skipuleggi námskeiðahald á vegum félagsins.

c) Laganefnd; starfi að endurskoðun laga félagsins og samningu reglna þess í takt við landslög og reglugerðir á hverjum tíma, hafi nána samvinnu við fræðslunefnd vegna útgáfu og upplýsingaveitu til félagsmanna um reglugerðabreytingar.

d) Hornamælinganefnd; sér um móttöku og mælingar á Íslenskum hreindýrskrúnum og heldur utan um skráningar á þeim. Mælt er eftir fyrirmynd Boon and Crockett Club.

Auk þess getur stjórn sett á laggir starfsnefndir ár hvert og falið þeim sérverkefni eftir eðli mála.

Nefndir skulu starfa milli aðalfunda.

Nefndir bera ábyrgð gagnvart stjórn og skulu gera grein fyrir störfum sínum á aðalfundi.

### **16. gr.**

Stjórn félagsins er heimilt að veita viðurkenningar fyrir störf í þágu félagsins.

Um viðurkenningar og heiðursfélaga skal setja reglur sem samþykkja skal á aðalfundi.

## IV. HLUTI

Lagabreytingar

### 17.gr.

Tillögur til lagabreytinga skal afhenda stjórn félagsins eða laganefnd með skriflegum hætti fyrir 1. janúar. Þær tillögur skulu kynntar í aðalfundarboði.

Lögum félagsins verður aðeins breytt með samþykki 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

## V. HLUTI

Ýmislegt

### 18. gr.

Enginn félagsmaður á tilkall til hluta af eignum félagsins, þótt hann hverfi úr félaginu eða félaginu verði slitið.

Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öðru en árgjaldi sínu.

### 19.gr.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og þá með samþykki 2/3 félagsmanna.

Fundur sá sem samþykkir félagsslit með lögsmætum hætti, kveður á um hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins og skuldum.

### 20.gr.

Lög þessi öðlast gildi við samþykkt þeirra á stofnfundi félagsins á Egilsstöðum 14. febrúar 2003 .

Ákvæði til bráðabirgða sem falla niður að loknu fyrsta starfsári :

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. skal á stofnfundi kjósa varaformann, meðstjórnanda og varamann til eins árs.

2. Á fyrsta aðalfundi eftir stofnfund skal stjórn leggja fram drög að siðareglum félagsins og skal siðanefnd hafa það hlutverk á fyrsta starfsári að semja þau.